

Reglur um sölu íbúða í eigu Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Markmið þessara reglna er að skýra hvernig staðið er að sölu íbúða í eigu Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Stefna sveitarfélagsins er að fækka íbúðum í eigu sveitarfélagsins en nýta þess í stað þau úræði sem sveitarfélagið hefur uppá að bjóða, þ.e. húsaleigubætur og sérstakar húsaleigubætur.

1. Ákvörðun um sölu íbúða er hjá bæjarráði, bæjarstjórn staðfestir sölu íbúða skv. 58. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Framkvæmd í höndum sviðstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs og bæjarstjóra. Sviðstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs skal að jafnaði setja í sölu þær íbúðir sem losna vegna uppsagnar leigjanda á húsaleigusamningi. Velferðarsvið skal senda sviðstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs upplýsingar um íbúðir sem losna vegna uppsagnar leigjanda.
2. Að jafnaði skulu íbúðir ekki standa auðar í meira en 30 daga.
3. Íbúðir í eigu sveitarfélagsins skulu seldar að undangenginni auglýsingu og skulu líða 5 - 7 virkir dagar frá því auglýsing birtist þar til tilboðum er svarað.
4. Mat á tilboðum skal byggt á verðmati fasteignasala og skulu tilboð í íbúðir koma í gegnum fasteignasölu. Sviðstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs hefur umboð til að hafna tilboðum og gera gagntilboð í samráði við bæjarstjóra. Öll tilboð sem koma í íbúðir í eigu sveitarfélagsins skulu koma til kynningar í bæjarráði.
5. Ákvörðun um sölu íbúða, sem byggist á uppsögn Sveitarfélagsins Hornafjarðar, skal samþykkt af bæjarráði.
6. Nú hefur leigjandi búið í tvö ár eða lengur í íbúð í eigu sveitarfélagsins og öðlast hann þar með kauprétt að íbúðinni ef sveitarfélagið ákveður að selja íbúðina við lok leigutímans eða við uppsögn á leigusamning samkvæmt húsaleigulögum. Kaupréttur verður virkur ef leigusamningi er sagt upp í samræmi við ákvæði húsaleigulaga. Skal þá sveitarfélagið gefa leigjanda kost á að kaupa íbúðina á verðmati löggilts fasteignasala, sem sveitarfélagið aflar á sinn kostnað. Náist ekki samningar skal íbúðin auglýst á hefðbundinn hátt og nýtur leigjandi þá ekki forkaupsréttar eða annars réttar í sölufurlinu umfram aðra tilboðsgjafa.
7. Kauptilboð skulu lögð fyrir bæjarráð til samþykktar.
 - a. Að uppfylltum ofangreindum skilyrðum áskilur bæjarráð sér rétt að taka hvaða tilboði sem er og hafna hvaða tilboði sem er með heildarhagsmuni sveitarfélagsins að leiðarljósi.

Samþykkt á 288. fundi bæjarstjórnar þann 9. september 2021.

Matthildur Ásmundardóttir

bæjarstjóri

